

## Aðalfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hf. fyrir 2013 haldinn í Öxi á Kópaskeri, miðvikudaginn 25. júní 2014 kl. 14:00.

Mættir voru fulltrúar frá 8 hluthöfum af 19, með 87,5% hluta á bak við sig. Þeir hluthafar sem áttu fulltrú á fundinum voru Norðurþing, Þingeyjarsveit, Langanesbyggð/(Fræ ehf.), Skútustaðahreppur, Framsýn – stéttarfélag, Þingið, Starfsmannafélag Húsavíkur og Svalbarðshreppur. Auk þeirra voru á fundinum starfsfólk AÐ og gestir.

Stjórnarformaður félagsins, Sigurgeir Höskuldsson, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Tillaga um að Benedikt Björgvinsson yrði fundarstjóri og Ari Páll Pálsson fundarritari var samþykkt án athugasemda og fól formaður Benedikt þá stjórn fundarins.

Benedikt hóf mál sitt með á því að færa Atvinnuþróunarfélaginu þakkir fyrir mörg mikilvæg verkefni sem það hefði unnið að og sagði starfsemi félagsins mjög mikilvæga fyrir svæðið.

### 1. Skýrsla stjórnar

Stjórnarformaður, Sigurgeir Höskuldsson sté í pontu og gerði grein fyrir starfsemi liðins árs. Í upphafi máls síns vék hann að áformum sem lengi hafa verið um uppstokkun í stoðkerfinu og fyrirkomulagi atvinnuþróunarfélaga á landinu. Sagði hann megin ástæðu fyrir töf þeirrar vinnu vera að atvinnuþróunarfélögin á landinu væru eins misjöfn og þau eru mörg og því erfitt að útbúa kerfi sem hentaði öllum. Nýjar áherslur stjórnvalda um útteilingu fjármagns í gegnum landshlutasamtök sagði hann hafa bæði kosti og galla, en sérstaklega þyrfti að gæta að því að sérstaða svæða glataðist ekki en tækifæri í samvinnu stærri svæða skyldu nýtt.

Þessu næst rakti formaður helstu atriði úr ársskýrslu félagsins fyrir liðið starfsár sem einnig var lögð fram á fundinum. Um það vísast í skýrsluna sjálfa sem er aðgengileg á heimasíðu atvinnuþróunarfélagsins.

Formaður greindi frá því að hann myndi nú stíga til hliðar eftir 6 ára setu í stjórn og þar af 5 ár sem formaður. Hann sagði stjórnarsetuna hafa verið skemmtilegan tíma þótt reksturinn hafi verið mjög erfiður þegar hann kom til starfa. Draga hefði þurft saman seglin en með sameiginlegu átaki starfsfólks og stjórnar hafi tekist að ná góðu jafnvægi í reksturinn.

Í lok ræðu sinnar áréttaði hann nauðsyn þess að aðlaga reksturinn að umhverfi sínu á hverjum tíma en ekki rígbinda hann við stefnumótun. Hann sagði það sitt mat að starfsemin spannaði of vítt svið miðað við starfskrafta félagsins en það væri nýrrar stjórnar og starfsfólks að takast á við framtíðina.

Að lokum þakkaði hann starfsfólki AÐ og stjórnarfólki fyrir ánægjulegt samstarf á liðnum árum og óskaði félaginu alls hins besta í framtíðinni.

### 2. Reikningar félagsins fyrir árið 2013

Ársreikningur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga fyrir 2013 var lagður fyrir fulltrúa hluthafa á fundinum, áritaður án athugasemda af stjórn félagsins, framkvæmdastjóra og löggiltum endurskoðanda þess, PricewaterhouseCoopers hf. – Ljósbrá Baldursdóttur og Rúnari Bjarnasyni.

Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri félagsins gerði grein helstu niðurstöðum ársreiknings en þær voru eftirfarandi:

Rekstrartekjur .....	30.434.046
Rekstrargjöld .....	(30.785.057)
Fjármagnsliðir .....	700.833
Hagnaður ársins.....	349.822
Fastafjármunir .....	5.123.379

Veltufjármunir..... 20.956.805

Eigið fé..... 1.930.396

Skuldir og skuldbindingar ..... 24.149.788

Niðurstaða efnahagsreiknings .. 26.080.184

Framkvæmdastjóri gerði jafnframt grein fyrir sundurliðun einstakra liða og færði fram skýringar eftir því sem þurfa þótti. Um þau atriði vísast í ársreikninginn sjálfan, en hann er aðgengilegur á heimasíðu atvinnuþróunarfélagsins [www.atthing.is](http://www.atthing.is).

*Spurningar og umræður í kjölfar skýrslu stjórnar og ársreikninga:*

Sigurður Þór Guðmundsson spurði fráfarandi stjórnarformann um starf AÞ, hvaða breytingum það hefði tekið á stjórnartíma hans og hvernig hann hefði viljað sjá starfsemina þróast.

Formaður svaraði því til að þegar hann hóf störf hafi starfsemin verið víðtækari og félagið átt þátt í margskonar verkefnum og haft af þeim bæði kostnað og tekjur en sum þeirra verið rekstrinum þungbær. Nú sinnir félagið einkum verkefnum sem eru sammingsbundin við Byggðastofnun. Þessi verkefni taki tíma og starfsmenn ekki margir. Hann sagðist ánægður með hvernig fjárhagsstaðan hefur þróast en hefði viljað að reksturinn væri öflugri þannig að félagið væri betur í stakk búið til að takast á við verkefni sem skjóta upp kollinum og krefjast e.t.v. kostnaðar sem þarf að leggja út. Hann hefði viljað sjá sjóð innan félagsins sem hægt væri að sækja í t.d. til þess að ráða sérfræðinga tímabundið. Hann árétaði svo að við yrðum að hafa kjark og áráðni til að sveigja starfsemina að því sem við teljum best hverju sinni en ekki rígbinda okkur við stefnumótun.

Aðalsteinn Á. Baldursson tók til máls um þetta atriði og sagði að þeir sem til þekktu vissu að þetta væri baslrekstur sem hefur verið rekinn á núlli. Þetta væri hins vegar mikilvæg starf og hvatti hann nýja sveitarstjórnarmenn til þess að tryggja eðlilegt fjármagn til rekstrarins.

Framkvæmdastjóri lagði einnig orð í belg; hann sagði að stefnumótunin frá 2010 væri góð vinna sem margir hefðu margir komu að og í henni kæmi fram ákveðinn vilji um eðli og umfang starfseminnar. Starfsmenn félagsins sæju þó helst misræmið milli þess sem þar kemur fram og þess sem fjármagnið leyfir. Þetta bil þyrftum við að brúa, og oft þyrfti raunveruleikinn að hafa forgang yfir það sem maður óskar. Hann sagðist telja, og hafa talað fyrir því t.d. í skýrslu stjórnar, að samfélagið gæti nýtt betur þann vettvang sem atvinnuþróunarfélagið er í fleiri verkefni í atvinnu- og byggðamálum, t.d. í tengslum við Héraðsnefnd, en því þyrfti auðvitað að fylgja vilji og fjármagn. Sveitarfélögin á svæðinu þyrfti að gera upp við sig hvort þau vilja taka á þessum málum sem heild, eða sem partur af einhverri stærri heild. Þegar sú ákvörðun liggi fyrir verði henni svo fylgt eftir af krafti.

Dagbjört Jónsdóttir spurði hver væri skýringu á því að framlög sveitarfélaganna lækka á milli ára.

Framkvæmdastjóri ústkýrði það að almenn framlög sveitarfélaganna til félagsins hefðu hækkað í samræmi við verðlagsbreytingar á milli ára, en sérstakt framlag vegna kynningarmála hefði lækkað hálf milljón þannig að heildarframlag lækkar að krónutölu.

*Ekki voru fleiri spurningar né umræður. Reikningarnir voru þá bornir upp til samþykktar og samþykktir samhljóða.*

### **3. Kosning stjórnar og endurskoðanda.**

Fundarstjóri kynnti fyrirleggjandi tillögur að stjórn frá fulltrúum hluthafa:

Aðalstjórn:

Aðalsteinn Á. Baldursson

Arnar Guðmundsson

Haraldur Bóasson

Sif Jóhannesdóttir

Yngvi Ragnar Kristjánsson

Varastjórn:

Hilma Steinarsdóttir  
Björn Víkingur Björnsson

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ofangreindum einstaklingum og fór einnig stuttlega yfir megin vinnureglur við val á stjórnarmönnum.

*Aðrar tillögur komu ekki fram og voru ofanritaðir því sjálfkjörnir í stjórn og varastjórn.*

Lagt er til að leitað verði tilboða í endurskoðun fyrir félagið og stjórn falið að ganga til samninga við þann aðila sem hagstæðust kjör býður.

*Engar athugasemdir komu fram og var tillagan samþykkt samhljóða.*

#### 4. Ráðstöfun hagnaðar/taps.

Fyrir fundinum lá tillaga um að rekstrarhagnaði verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé eins og gert er í samþykktum ársreikningi.

*Tillagan var samþykkt samhljóða.*

#### 5. Þóknun til stjórnarmanna

Núverandi þóknun til stjórnarmanna er kr. 10.518,- pr. fund og er formaður með 50% álag. Þóknunin hefur fylgt þóknun fyrir „aðrar nefndir“ hjá Norðurþingi. Fyrir fundinum lá tillaga um að þóknun verði áfram ákveðin með sama hætti.

*Fyrirliggjandi tillaga var borin upp og hún samþykkt samhljóða.*

#### 6. Tillaga að breytingu á 12. gr. samþykpta félagsins

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga að breytingu á 12. gr. samþykpta félagsins. Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir breytingunni sem er til þess gerð að taka af allan vafa um að tölvupóstur sé viðurkennt fundarboð, en sá háttur hefur verið viðhafður undanfarin ár.

Talsverðar umræður spunnust um tillöguna og snérist þær einkum um hvort jafnframt ætti að kveða á um staðfestingu á móttöku að tölvupósts. Einnig kom fram tillaga um að í greininni væri einnig kveðið á um tilkynningu á heimasíðu félagsins.

Etir umræður og lítils háttar breytingar á orðalagi var breytingartillagan á þessa leið ( breytingar eru rauð- og feitlettraðar):

##### 12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafundar með tilkynningu **á heimasíðu félagsins** og til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi, símskeyti, **tölvupósti** eða á annan jafnsannanlegan hátt. **Skulu hluthafar bera ábyrgð á því að rétt tölvupóstfang til boðunar hluthafafunda sé skráð hjá félaginu.** Aðalfundur skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafundur með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

*Tillagan var borin upp og hún samþykkt samhljóða.*

#### 7. Önnur mál

- Margrét Bjarnadóttir, sem nú vikur úr stjórn félagsins, þakkaði fyrir samstarfið og það gerði einnig Björn Víkingur Björnsson sem fer úr aðalstjórn í varastjórn.
- Aðalsteinn Á. Baldursson þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið fyrir hönd þeirra sem áfram sitja í stjórn.
- Framkvæmdastjóri þakkaði einni fráfarandi og sitjandi stjórnarmönnum fyrir ánægjulegt samstarf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna.

Ekki var fleira rætt á fundinum og sleit stjórnarformaður honum kl.15:05

**Hvatningarverðlaun AP 2014**

Að loknum aðalfundi fór að venju fram árleg afhending Hvatningarverðlauna Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga. Fráfarandi formaður félagsins, Sigurgeir Höskuldsson gerði grein fyrir verðlaununum og tilkynnti ákvörðun stjórnar þar um. Hvatningarverðlaun AP árið 2014 voru veitt Akurseli ehf. fyrir framúrskarandi lífræna framleiðslustarfsemi sem byggir á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda héraðsins.

Formaður greindi stuttlega frá sögu rekstri Akursels ehf. og að því búnu tók Sigurbjörg Jónsdóttir við verðlaununum fyrir hönd fyrirtækisins sem hún rekur ásamt eiginmanni sínum Stefáni Gunnarssyni.

Sigurbjörg svaraði svo spurningum áhugasamra fundargesta um fyrirtækið sem er langstærsti framleiðandi lífrænna gulróta hérlendis. Hefur framleiðslan verið á bilinu 120-150 tonn og starfsmenn á uppskerutíma u.þ.b. 12 í fyrra. Allt er tekið upp með höndum með smávægilegri hjálp tækja. Uppskerutímabilið nær fram í nóvember og hafa þau í raun aldrei getað annað eftirspurn.

Fundarstjóri  
Benedikt Björgvinsson

Fundarritari  
Ari Páll Pálsson